# Brúðkaupskvæði

Kristján Valur Ingólfsson þýddi

Þjóðlag frá Albaníu




Brúðguminn reis úr rekkjunni ársla
reikar um túnin, brpsir í laumi.

Fagna þú sveitin, sveina og meyja,
söngva lát óma, brúðurin kemur.

Sól baðar geislum gestina alla,
greikka þeir sporin, styttist nú leiðin.

Fagna þú sveitin, sveina og meyja,
söngva lát óma, brúðurin kemur.

Brúðguminn inn í bænum þeim vísar,
ber þar fram hunangskökur á fati.

Fagna þú sveitin, sveina og meyja,
söngva lát óma, brúðurin kemur.